

Miðvikudaginn 8. janúar 1992.

Nr. 504/1991. **Helga Ingólfssdóttir**
f.h. ólöggráða sonar síns,
Páls Helga Arnarsonar,
 gegn
Guðmundi J. Guðjónssyni,
Guðrúnu V. Sverrisdóttur
 og
félagsmálaráðherra.

Kærumál. Meðalganga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili kærði 2. desember sl. dóm bæjarþings Seltjarnarness frá 20. nóvember í meðalgöngumáli nr. 1059/1991, þar sem synjað er um meðalgöngu í bæjarþingsmáli nr. 605/1991. Kæruheimild er i-liður 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Krafa sóknaraðila er, að meðalgangan verði heimiluð.

Varnaraðilarnir Guðmundur J. Guðjónsson og Guðrún V. Sverrisdóttir krefjast staðfestingar héraðsdóms.

Frá félagsmálaráðherra hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Dómkröfum í héraði er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Ef kröfur stefnenda í héraði, Guðmundar og Guðrúnar, verða teknar til greina, mun Páll Helgi Arnarson ekki eiga þess kost að dveljast áfram á meðferðarheimilinu að Sæbraut 2, þar sem hann er búsettur. Leiðir þetta af því, að þá verður að lögum óheimilt að halda áfram starfsemi þess. Ekki er fram komið, að hann ætti þá kost á öðru sambærilegu heimili. Hvernig sem farið er réttarsambandi hans og félagsmálaráðherra, mun þessi niðurstaða í aðalsök skipta Pál Helga máli að lögum. Fyrir hans hönd er móður hans því heimil meðalganga, eins og krafist er, enda gerir hún sjálfstæðar kröfur um sýknu af kröfum stefnenda í héraði.

Kærumálaskostnaðar er ekki krafist.

Sóknaraðila, Helgu Ingólfisdóttur f.h. ólögráða sonar síns, Páls Helga Arnarsonar, er heimil meðalganga í máli nr. 605/1991 á bæjarþingi Seltjarnarness.

Dómur bæjarþings Seltjarnarness 20. nóvember 1991.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar að afloknum munnlegum málflutningi 15. þessa mánaðar, hefur Helga Ingólfisdóttir, Ferjubakka 6, Reykjavík, kt. 280946-2579, höfðað fyrir dómnum f.h. ólögráða sonar síns, Páls Helga Arnarsonar, Ferjubakka 6, Reykjavík, kt. 160576-4569, með þingfestingu málsins 22. október sl., á hendur Guðmundi J. Guðjónssyni, kt. 190733-2629, og Guðrúnu V. Sverrisdóttur, kt. 110343-2059, báðum til heimilis að Sæbraut 3, Seltjarnarnesi, og félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, kt. 041042-4869, félagsmálaráðuneytinu við Tryggvagötu í Reykjavík.

Dómkröfur meðalgöngustefnanda eru þessar:

1. að meðalganga hennar f.h. Páls Helga Arnarsonar verði leyfð í bæjarþingsmáli nr. 605/1991: Guðmundur J. Guðjónsson og Guðrún V. Sverrisdóttir gegn félagsmálaráðherra vegna meðferðarheimilis að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi,
2. að kröfum stefnenda í því máli verði vísað frá dómi, en til vara, ef ekki verður fallist á frávisun málsins frá dómi, er þess krafist, að stefndi félagsmálaráðherra og meðalgöngustefnandi, Helga, verði sýknuð af öllum kröfum stefnenda í málinu.
3. Krafist er, að stefnendum verði gert að greiða meðalgöngustefnanda málskostnað vegna reksturs málsins að mati réttarins.

Af hálfu meðalgöngustefndu, Guðmundar J. Guðjónssonar og Guðrúnar V. Sverrisdóttur, eru þær dómkröfur gerðar, að synjað verði um kröfu meðalgöngustefnanda um meðalgöngu í máli nr. 605/1991.

Af hálfu meðalgöngustefnda félagsmálaráðherra er í greinargerð hans í meðalgöngumáli þessu fallist á, að meðalgöngustefnanda verði leyfð meðalganga í málinu.

Málflutningur aðila snerist um það á þessu stigi málsins, hvort leyfa ætti meðalgöngustefnanda meðalgöngu í bæjarþingsmáli nr. 605/1991 eða ekki, og er það úrlausnarefni dómsins.

Af hálfu aðila er ekki krafist málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Af hálfu meðalgöngustefnda félagsmálaráðherra þótti ekki ástæða til að

sækja þing, er málflutningur fór fram um kröfu meðalgöngustefnanda, en vísað til greinargerðar, þar sem fallist var á meðalgönguna.

Lögboðnar sáttaumleitanir dómara reyndust árangurslausar.

Málavextir eru þeir helstir, að haustið 1989 hófst starfræksla meðferðarheimilis fyrir einhverfa unglinga á vegum félagsmálaráðuneytis að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi. Upp kom óánægja með starfsemina meðal íbúa við götu þessa, og fór svo, að meðalgöngustefndu, Guðmundur og Guðrún, sem búsett eru gegnt Sæbraut 2, á Sæbraut 3, höfðuðu bæjarþingsmál nr. 605/1991 fyrir bæjarþingi Seltjarnarness á hendur félagsmálaráðherra vegna meðferðarheimilisins, og eru dómkröfur þeirra þær, að stefnda félagsmálaráðherra verði dæmt óheimilt að starfrækja meðferðarheimili, sambýli eða annars konar stofnun fyrir einhverfa eða aðra þroskahefta að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi og að stefnda verði gert skylt að viðlögðum dagsektum að leggja niður þá starfsemi, sem fer fram í húsinu að Sæbraut 2.

Af hálfu stefnda félagsmálaráðherra er aðallega gerð krafa um, að vísað verði frá dómi þeim þætti í kröfugerð stefnenda, sem lýtur að banni við rekstri á „sambýli eða annars konar stofnun fyrir einhverfa eða aðra þroskahefta að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi“, en að stefndi verði sýknaður af öllum öðrum kröfum stefnenda.

Til vara er krafist sýknu af öllum kröfum stefnenda, en til þrautavara, að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnenda um bann við að starfrækja „sambýli eða annars konar stofnun fyrir einhverfa eða aðra þroskahefta að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi“ og að stefndi verði jafnframt sýknaður af kröfu stefnenda um greiðslu dagsekta.

Samkvæmt bréfi forstöðumanns meðferðarheimilisins að Sæbraut 2 til lögmanns meðalgöngustefnanda, dagsettu 14.10.1991, hefur Páll Helgi, sonur meðalgöngustefnanda, verið búsettur á meðferðarheimilinu frá því í febrúar 1990.

Af hálfu meðalgöngustefnanda er krafa um, að sér verði leyfð meðalganga, rökstudd með því í fyrsta lagi, að ljóst sé, að Páll Helgi myndi missa það heimili, athvarf, umönnun og umsjón, sem hann hefur notið að Sæbraut 2, ef kröfur stefnenda í frumsök yrðu teknar til greina. Allar ástæður hafi bent til þess, að hann myndi eiga kost á því heimili framvegis. Eins og sakir standi nú, liggi ekkert fyrir um, að hann eigi nokkra aðra vist vísa, ef hann missi Sæbrautarheimilið. Þá felist í kröfum stefnenda, verði þær teknar til greina, að óheimilt sé að reka heimili fyrir einhverfa, svipað Sæbrautarheimilinu, í hverfi, sem skipulagt sé sem íbúðarhúshverfi. Þá taki kröfur stefnenda ekki aðeins fram um, að óheimilt sé að starfrækja meðferðarheimili, sambýli eða stofnun fyrir einhverfa að Sæbraut 2, heldur taki kröfur þeirra einnig til allra annarra, sem talist geta þroskaheftir.

Kröfur stefnenda séu því ákaflega óbilgjarnar og gangi þvert á aldalanga

þróun jafnaðar og velferðar fólks. Ekki verði af málskjöllum stefnenda séð, hvert vísa eigi einhverfu fólki og þroskaheftu til dvalar, ef það megi ekki búa í venjulegum íbúðahverfum í landinu. Þá verði ekki séð, hvernig unnt sé að framfylgja ákvæðum 1. mgr. 1. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra, þar sem kveðið er á um jafnrétti og sambærileg lífskjör fatlaðra við aðra þjóðfélagsþegna, ef þeir megi ekki búa í venjulegum íbúðahverfum. Þá sé samkvæmnin slík í kröfum stefnenda, að auk þess, sem meina eigi einhverfum og þroskaheftum að eiga heimili að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi, sé þeim í málshöfðun stefnenda ekki gefinn kostur á að gæta réttar síns og taka til varna í dómsmálinu. Stefnendur virðist líta svo á, að félagsmálaráðherra einn hafi á hendi allar málsaðildir um meðferðarheimili, samþýli og annars konar stofnanir allra þroskaheftra í landinu. Stefnendur virðist því álíta, að þroskaheftir sjálfir og aðstandendur þeirra hafi ekkert um þessi mál að segja og ekki þurfi að gera þeim kost á að gæta réttar síns fyrir dómstólum landsins.

Lagarök meðalgöngustefnanda fyrir því, að leyfa skuli meðalgöngu, eru þau, að kröfur stefnenda í málinu beinist að meðferðarheimilinu og/eða samþýlinu að Sæbraut 2, sem sé heimili Páls Helga. Þetta heimili hans sé friðheilagt eins og önnur heimili í landinu skv. 66. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Fjölmörg önnur stjórnarskrárákvæði, svo sem 70. og 78. gr., séu til verndar heimili og rétti Páls Helga í málinu svo og fjölmörg önnur ákvæði, eins og ákvæði laga um málefni fatlaðra nr. 41/1983. Þá séu öll skilyrði til meðalgöngu samkvæmt 50. gr. laga nr. 85/1936.

Af hálfu meðalgöngustefndu, Guðmundar og Guðrúnar, er því mótmælt, að meðalgöngustefnandi eigi nokkra þá aðild að sakarefni málsins, að skilyrðum 50. gr. laga nr. 85/1936 fyrir meðalgöngukröfu teljist fullnægt. Samkvæmt ákvæðinu sé það skilyrði, að úrslit máls skipti mann máli að lögum. Í því felist, að meðalgöngustefnandi hljóti að þurfa að eiga einhvers konar lagalega aðild að réttarsambandinu milli meðalgöngustefndu, Guðmundar, Guðrúnar og félagsmálaráðherra, sem stefnt sé út af. Svo sé alls ekki í þessu máli, enda geti meðalgöngustefnandi ekki gert neinar sjálfstæðar kröfur í málinu óháðar kröfum stefnda félagsmálaráðherra. Ef t.d. stefndi samþykkti stefnukröfurnar, gæti meðalgöngustefnandi ekki fengið neinu um það breytt. Þetta sýni vel lagalega stöðu meðalgöngustefnanda, hún sé öll í skjóli réttinda stefnda gagnvart stefnendum. Þannig geti meðalgöngustefnandi hvorki krafist þess, að honum verði dæmt sakarefnið eða að dómur verði annars svo felldur, að verndaður verði réttur hans. Þá sé einnig ljóst, að úrlausn um sakarefnið ræðst ekki af því, hvaða einstaklingar eigi dvöl á meðferðarheimilinu á hverjum tíma. Málið varði ekki persónur vistmanna að neinu leyti. Enginn ágreiningur sé um það, að meðalgöngustefnanda sé bæði rétt og skylt að leita eftir og nota þjónustu og aðstoð

opinberra aðila. Málsóknin byggist ekki að neinu leyti á því, að einhverfir eigi ekki rétt á þjónustu og aðstoð úr hendi hins opinbera. Krafan lúti hins vegar að staðsetningu heimilisins og nálægð þess við hús stefnenda, en með því telji þau stefnda félagsmálaráðherra brjóta á sér rétt. Þetta sé rétti meðalgöngustefnanda til opinberrar aðstoðar óviðkomandi. M.ö.o. eigi meðalgöngustefnandi enga kröfu á hendur opinberum aðilum um, að þeir brjóti rétt á öðru fólki við að veita honum þá þjónustu, sem hann kalli eftir.

Ljóst virðist hins vegar, að tilgangur meðalgöngustefnanda sé að veita stefnda félagsmálaráðherra einhvers konar liðsinni í málinu án þess að geta gert sjálfstæða kröfu til sakarefnisins. Ákvæði 50. gr. eml. leyfi ekki slíkt.

Jafnframt virðist meðalgöngustefnandi vilja draga inn í málið ástæður, sem komi sakarefni þess ekkert við. Sé þar átt við rétt þann, sem hann telur sig eiga til opinberrar heilbrigðisþjónustu. Dómsmálið snúist ekki um þann rétt. Stefnendur taki fyllilega undir með meðalgöngustefnanda, að hann eigi rétt til þjónustu af hálfu hins opinbera. Þau reisi ekki málsókn sína á því, að einhverfum beri ekki slíkur réttur, og telji þau sig ekki þurfa að sæta því, að aðili stefni sér inn í málið til að hafa uppi málflutning um þetta.

Niðurstaða.

Upplýst þykir í máli þessu, að meðferðarheimilið að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi sé rekið af félagsmálaráðuneyti, af deild innan ráðuneytisins, sem fer með málefni fatlaðra. Fasteignin Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi er eign ríkissjóðs. Meðferðarheimilið er rekið samkvæmt lögum nr. 41/1983 um málefni fatlaðra. Óumdeilt er, að Páll Helgi Arnarson á rétt á þeirri samfélagsþjónustu, sem framangreind lög kveða á um.

Þótt dómkröfur stefnenda í frumsök geri sem slíkar ekki ráð fyrir að svipta vistmenn á meðferðarheimilinu að Sæbraut þeirri opinberu þjónustu, sem þeim er áskilin í framangreindum lögum, þá er deginum ljósara, að Páll Helgi myndi missa þá aðstöðu, sem honum hefur verið búin að Sæbraut 2, ef dómkröfur stefnenda í frumsök yrðu teknar til greina. Það orkar því ekki tvímælis, að úrslit í frumsök skipta hann máli. Úr því þarf hins vegar að skera í máli þessu, hvort úrslit málsins skipti hann máli *að lögum* í skilningi 50. gr. laga nr. 85/1936 eða einungis í verki (de facto). Taka þarf afstöðu til þess, hvort aðild hans að sakarefni frumsakar og kröfugerð hans séu með þeim hætti, að skilyrðum 50. gr. eml. sé fullnægt.

Skilja verður kröfugerð meðalgöngustefnanda skv. meðalgöngustefnu svo, ef frá er talin krafa hans um frávisun frumsakar frá dómi, að hann krefjist þess, að tiltekna kröfur í frumsök verði teknar til greina, þ.e. sýknukrafa stefnda félagsmálaráðherra. Sýnast því kröfur meðalgöngu-

stefnanda um efnishlið frumsakar fela í sér, að um svokallaða aukameðalgöngu sé að ræða af hans hálfu.

Ljóst þykir, að sú þjónusta, sem stefndi í frumsök lætur Páli Helga í té á meðferðarheimilinu, er opinber þjónusta, en byggist ekki á samningi einkaréttarlegs eðlis. Stefndi félagsmálaráðherra getur því, án þess að meðalgöngustefnandi geti nokkru um það ráðið, flutt núverandi heimili að Sæbraut 2 á annan stað eða lagt það niður í núverandi mynd. Skylda stefnda í frumsök er að láta meðalgöngustefnanda í té þá þjónustu, sem lög nr. 41/1983 gera ráð fyrir, eftir því sem kostur er, en telja verður það í valdi ráðherra að ákveða, hvar sú þjónusta sé innt af hendi. Af þessu leiðir, að kæmi sú staða upp í frumsök, að stefndi féllist á kröfur stefnanda og hætti starfrækslu meðferðarheimilisins að Sæbraut 2, þá fengi meðalgöngustefnandi engu um það ráðið. Hann myndi ekki geta haldið til streitu sýknukröfu í frumsök. Aðild meðalgöngustefnanda að sakarefni í frumsök telst því eigi vera með þeim hætti, sem áskilið er í 50. gr. eml., og telst hann því ekki eiga lögvarða hagsmuni í skilningi þess ákvæðis til að geta gerst meðalgöngumaður í máli aðila frumsakar.

Samkvæmt framanskráðu ber því að synja meðalgöngustefnanda um meðalgöngu í bæjarþingsmáli nr. 605/1991.

D ó m s o r ð:

Meðalgöngustefnanda, Helgu Ingólfssdóttur f.h. ólögráða sonar síns, Páls Helga Arnarsonar, er synjað um meðalgöngu í bæjarþingsmálinu nr. 605/1991: Guðmundur J. Guðjónsson og Guðrún V. Sverrisdóttir gegn félagsmálaráðherra vegna meðferðarheimilis að Sæbraut 2, Sel-tjarnarnesi.
